

Aðalfundur 2016

~ Haldinn þann 20. janúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Formaður og tveir meðstjórnendur
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**

- **Hlé og léttar veitingar**

- **Vídeóannáll 2015 frumsýndur**
 - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins og YouTube
<http://modelflug.net/video/2016/>
<https://youtu.be/5OWa2FCYVfg>

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í fundarsal Íþróttakademiunnar þann 19.janúar og var rétt rúmlega helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2014 var jákvæður um 15.774 kr. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Sverrir Gunnlaugsson var endurkjörinn sem gjaldkeri og Guðni V. Sveinsson sem vallarstjóri. Að loknum aðalfundarstörfum bauð Björk hans Guðjóns upp á stærðarinnar hnallþóru og svo var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2014 frumsýndur og vakti mikla lukku. Örn Ingólfsson og HljóðX fá kærar þakkir fyrir hljóð- og myndkerfi sem notað var.

Árið var gott fyrir Flugmóðelfélagið, tveir nýir félagar gengu í félagið en fjöldi Innherja var óbreyttur. Sumrið var talsvert betra en tvö síðastliðin sumur og nýttu félagsmenn það vel til flugs en að jafnaði var flogið þriðja hvern dag á árinu.

Flugmóðelfélag Suðurnesja hélt sína árlegu flotflugkomu þann 1.júní. Félagið eignaðist einnig Íslandsmeistara á árinu þegar Sverrir Gunnlaugsson sigraði á Íslandsmeistaramótinu í hástarti, F3B.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var í Eyjafjarðar-sveit, Tungubökkum eða Hamranesi. Einnig héldu nokkrir félagsmenn í víking til Ameríku í mars og fóru á Florida Jets.

Haldin var sýning á flugmóðelum og inniflugi í Reykjaneshöllinni í tilefni af Ljósanótt. Stöðugur straumur gesta var þann tíma sem sýningin stóð yfir og skemmtu allir sér vel.

Innherjar hófu svo aftur að flögra í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út apríl 2016.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á aðfangadag og gamlársgang.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins



Flugmóðelfélag Suðurnesja

Ársreikningur 2015

	Inn	Út
Sparireikningur	630.315 kr.	
Félagsgjöld	309.200 kr.	
Innherjar	180.000 kr.	90.000 kr.
Tækjasala	160.000 kr.	
Styrkir	100.000 kr.	
Vextir	1.290 kr.	
Tækjakaup		620.000 kr.
Vallarviðhald		421.278 kr.
Vefmyndavél		43.416 kr.
Tryggingar		25.018 kr.
Veitingar		24.185 kr.
Bensín, gas, olía		21.830 kr.
Aðalfundur		5.619 kr.
Bankakostnaður		5.280 kr.
Skrifstofuvörur		4.755 kr.
Fjármagnstekjuskattur		258 kr.
Samtals á árinu	<u>1.380.805 kr.</u>	<u>1.261.639 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	120.774 kr.	
Samtals	<u>1.501.579 kr.</u>	<u>1.261.639 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>239.940 kr.</u>	
Velta á árinu	2.763.218 kr.	
Rekstrarniðurstaða	647.276 kr.	

Eignir	Verð
Sparireikningur	407.336
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	1.577.336

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.202.336
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 647.276 kr en 407.336 kr af því er vegna inneignar á sparireikninga, 160.000 vegna sölu á tækjum og 100.000 kr vegna styrks. Daglegur rekstur var því neikvæður um 20.060 kr en vel var tekið til hendinni í framkvæmdum á Arnarvelli með nýrri girðingu í kringum gangsetningarsvæðið ásamt því sem lagst var í kaup á nýjum sláttutraktor, kvikmyndatökuvél og áframhaldandi uppbyggingu í kringum vefmyndavélina.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en áfram þarf að sinna hefðbundnu viðhaldi og framkvæmdum á Arnarvelli. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Ég legg því til að félagsgjöldin verði óbreytt á þessu ári eða 6.000 fyrir yngri en 18 ára og 12.000 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað(200 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 1.febrúar nk.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og tvo meðstjórnendur.

Tillögur og lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

Orðið er frjálst.

Minnisblað